

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnæssýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 24. júní 2015
UST201506-010/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnæssýslu er barst 1. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027.

Árið 2002 varð Bláskógabyggð til við sameiningu þriggja sveitarfélaga, Þingvallasveit, Laugardalshreppur og Biskupstungnahreppur. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að unnið verði nýtt aðalskipulag fyrir Bláskógabyggð.

Markmið sveitarstjórnar

Umhverfisstofnun tekur sérstaklega undir þau markmið sveitarstjórnar varðandi vinnslu á nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins er snúa að varðveislu náttúruminja, gróðurvernd, grænar samgöngur og aukna möguleika til útivistar. Einnig telur stofnunin mikilvægt að setja stefnu um vernd grunnvatns. Umhverfisstofnun bendir á að einnig er mikilvægt að setja markmið um fráveitu til framtíðar og tímasetja markmiðin.


Efnistökusvæði


Í helstu leiðum að markmiðum kemur að sveitarfélagið hyggst móta stefnu um efnistökusvæði. Umhverfisstofnun minnir á að í Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020 kemur eftirfarandi fram: „*Æskilegt er að nám jarðefna fari eftir því sem hægt er fram á tiltölulega fáum afmörkuðum námasvæðum; Fáar og og stórar námur hafa minni neikvæð áhrif í för með sér en margar litlar, auk þess sem minni hætta er á að sérstæð náttúrufyrirbæri verði fyrir skemmdum*“. Einnig bendir stofnunin á vefinn Námur.is en þar er allt um efnistöku og frágang.

Umhverfispættir

Meðal umhverfispáttanna sem er áætlað að skoða í væntanlegu aðalskipulagi eru náttúru- og menningarminjar. Fram kemur í lýsingu að tryggja þurfi að atvinnuuppbygging og stórframkvæmdir hafi sem minnst óafturkræf áhrif á landslag og náttúru, og spilli ekki merkum náttúru- og menningarminjum. Umhverfisstofnun bendir á að í Bláskógabyggð eru víðfeðmar frístundabyggðir. Að mati Umhverfisstofnunar þarf einnig að tryggja að frístundabyggðir hafi sem minnst óafturkræf áhrif á landslag og náttúru með skilmálum um t.d gróðurtegundir sem rækta megi, og að sneitt sé hjá náttúruminum þegar frístundabyggðir eru skipulagðar.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur